

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár, nr. 105 18. febrúar 1998.

1. gr.

5. gr. liður 5.1.1. orðist svo:

5.1.1. Útdráttur vinninga í Lottó 5/38 fer fram opinberlega á laugardegi, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Íslenskrar getspár að viðstöddum fulltrúa hennar og skipuðum eftirlitsmanni samkvæmt lið 10.1. Útdráttur vinninga fer þannig fram að í þar til gerðum stokki eru valdar fimm vinningstölur, aðaltölur, af tölunum 1-38. Því næst er valin aukatala, bónustala, af þeim tölum sem þá eru eftir. Verði bilun í þar til gerðum stokki, sem velur vinningstölur og síðan bónustölu, skal dregið úr þar til gerðum spjaldastokki með 38 spjöldum með tölunum 1-38, fyrst fimm vinningstölur og síðan bónustölu, af þeim tölum sem þá eru eftir. Áður en slíkur útdráttur fer fram skal gengið úr skugga um að í spjaldastokknum séu spjöldin merkt tölunum 1-38. Niðurstöður útdráttar og aðrar upplýsingar um framkvæmd hans skal færa í sérstaka gerðabók og undirrita af fulltrúa stjórnarinnar og eftirlitsmanninum.

5. gr. liður 5.1.2. orðist svo:

5.1.2. Samtímis údrætti sbr. 5.1.1. fer fram útdráttur í Jóker. Útdráttur fer þannig fram að fimm hjól, hvert með tölunum 0-9, eru sett í gang og við stöðvun hjólanna koma fram hinar fimm útdregnu tölur. Tölurnar, í þeirri röð sem þær birtast, mynda Jókertölur vikunnar. Verði bilun í einu eða fleirum af hinum fimm hjólum með tölunum 0-9, skal dregið úr einum eða allt að fimm, eftir því sem við á, þar til gerðum spjaldastokkum þar sem spjöldin eru merkt tölunum 0-9. Áður en slíkur útdráttur fer fram skal gengið úr skugga um að í spjaldastokkunum séu spjöldin merkt tölunum 0-9.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um talnagetraunir, nr. 26 2. maí 1986, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. nóvember 1998.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar 1995-2015, Hvaleyrarholt.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. nóvember 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar 1995-2015, frá 23. desember 1997.

Endurprentað blað.